

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (ÁÓÁ, BH, GÖg, GÖrl).

1. Við 2. gr.
  - a. a-liður falli brott.
  - b. Efnismálgrein b-liðar orðist svo:  
Hafi verið stofnað til hjúskapar í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða hafi ekki verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja aðila veitir það ekki rétt til dvalarleyfis.
2. 5. gr. orðist svo: Í stað orðanna „hann hefur brotið“ í a-lið 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: hann dvelur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi í landinu, hefur brotið.
3. 7. gr. falli brott.
4. 8. gr. falli brott.
5. 15. gr. falli brott.
6. Við h-lið 16. gr. bætist: þetta gildir þó ekki um flóttamann eða fórnarlamb mansals sem hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun.